

Fræðsluráð Reykjanesbæjar  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Mott	Reykjanesbær ABG 27.02.2020
Lykill	07.14.01
Málsnr.	2020021665
Abm.	HA

27. Febrúar 2020

### Efni: Dagforeldrar í Reykjanesbæ

#### Hækkun á gjaldi dagforeldra ágúst 2020

Frá árinu 2013 til 2018 þá hafa dagforeldrar í Reykjanesbæ fylgt launavísitölu hagstofnunar til að ákvarða hækkunar á gjaldi. Í ágúst 2019 hefði gjald átt að hækka um 4,3% sem flestir dagforeldrar tjá okkur í Samtökum dagforeldra á Suðurnesjum muni gera núna í ágúst. Miðað við meðaltalsgjald, sem er 120.000 kr pr barn þá er þetta hækkun um 7.032 kr. Framlag Reykjanesbæjar frá árinu 2013 hefur ekki fylgd launavísitölu heldur hækkað eftir beiðnum frá dagforeldrum. Ef Reykjanesbær ætlar að fylgja launavísitölu þá yrði niðurgreiðsla til foreldra ungbarna að vera í ágúst 2020, 55.575 kr í stað 50.000 kr.

#### Mótframlag

Hlutfall mótframlags Reykjanesbæjar til foreldra ungbarna er tölvert minna miðað við önnur sveitafélög. Samt er gjald dagforeldra í Reykjanesbæ mjög hóflegt.

- Á Akureyri er meðaltalsgjald 110.000 kr en mótframlag er 75%. Eða 82.000 kr. Frá 2013 til 2018 er hækkun Akureyrarbæjar 33.000 kr.
- Í Hafnarfirði er meðaltalsgjald 130.000 kr en mótframlag er 55% eða 72.000 kr fyrir yngri en 15 mánaða en 69% eða 95.000 kr fyrir eldri en 15 mánaða. Frá 2013 til 2018 er hækkun Hafnafjarðar 47.000 kr.
- Í Kópavogi er meðaltalsgjald 140.000 kr en mótframlag er 53% eða 74.000 kr fyrir yngri en 15 mánaða en er 64% eða 90.000 kr fyrir eldri en 15 mánaða. Frá 2013 til 2018 er hækkun Kópavogsbæjar 47.000 kr.
- Í Árborg er meðaltalsgjald 125.000 kr en mótframlag er 52% eða 65.000 kr
- Í Reykjanesbæ er meðaltalsgjald 120.000 kr en verður 127.000 kr í ágúst en mótframlag er nú 42% eða 50.000 kr. Frá 2013 til 2018 er hækkun Reykjanesbæjar 12.000 kr.

Teljum við í Samtökum dagforeldra að hér megi Reykjanesbær gera mun betur við foreldra ungbarna í sveitafélaginu. Og horfa til þess hvað önnur sveitafélög gera í þessum málaflokki. Leggjum við til við Fræðsluráð að það fari fram á aukid fé árið 2021 til að geta bætt stöðu þessara viðkvæmstu samfélagsþegna sveitafélagsins. Ákjósanlegast væri að jafna greiðslur foreldra sem eru með börn hjá dagforeldrum við gjaldskrá leikskóla. Það væri jákvætt skref til jafnræðis í sveitafélaginu. Einnig væri vert að skoða sér verðskrá fyrir einstæða, námsmenn, öryrkja og innleiða systkina afslætti.

#### Einkareknir ungbarnaleikskólar

Við í Samtökum dagforeldra á Suðurnesjum mótmælum harkalega að gerður verði þjónustusamningur við einkarekna ungbarnaleikskóla í Reykjanesbæ.

Teljum við óraunhæft hjá þeim sem óska eftir þjónustusamning að ná í menntaða leikskólakennara, til að ná algjörri lágmarksmönnun eins og lög gera ráð fyrir.

Í skýrslu starfshóps vegna þingsályktunar um „leikskóla að loknu fæðingarorlofi“ frá árinu 2015 segir „Það er mikilvægt að mönnun leikskóladeilda fyrir ung börn á aldrinum 12 til 18 mánaða byggji á leikskólakennurum til að tryggja gæði í faglegu starfi og því umhverfi og námi sem börnunum er boðið upp á. Til að það geti orðið að veruleika þarf að fjölga leikskólakennurum verulega. Að áliti starfshópsins ætti ekki að gera minni kröfur um hlutfall leikskólakennaramenntaðs starfsfólks á deildum fyrir yngstu árganga leikskólans en gilda á deildum fyrir eldri börn til að ná sem mestum þjóðhagslegum ávinningi af leikskóladvöl yngstu barnanna.“

Síðar í sömu skýrslu eru Fjóra Þorvaldsdóttir, varaformaður Félags leikskólakennara, Hrónn Pálmadóttir lektor við Menntavísindasvið HÍ og Kristín Dýrfjörð dósent við kennaradeild HA spurðar „Eru leikskólakennarar og starfsfólk í stakk búið til að takast á við eins árs börn?“ „umönnun yngstu barnanna er líkamlega erfitt og það eru ekki endilega allir tilbúnir til að takast á við verkefnið. Leikskólakennarar eru að eldast og umönnun yngstu barnanna væri líkamlega erfitt verkefni. Það þarf að gera átak í endurmenntun leikskólakennara og uppfæra þekkinguna til samræmis við ný viðhorf til uppeldis ungra barna.“

Ekki hefur gengið vel að fjölga leikskólakennurum frá tíma þessara skýrslu. Í Fréttablaðinu 1.mái 2019 sagði Skúli Helgason að „Nýliðun meðal leikskólakennara dugar ekki til að vega upp á móti þeim fjölda sem hætta störfum vegna aldurs“

Við teljum ef einkareknir ungbarnaleikskólar ætli sér að ná í menntaða leikskólakenna, þá verði þeir að sækja þá frá leikskólum bæjarins. Og væntanlega sækja í þá sem eru undir 50 ára, en sá hópur á Suðurnesjum samkvæmt Hagstofu, telur 60 leikskólamenntaða starfsmenn, en til að ná 2/3 löglegu lágmarki þyrftu ungbarnaleikskólar 15 leikskólakennara, eða um 25% af þeirri heild.

Þar sem þróun á útgefnum leyfisbréfum leikskólakennara er neikvæð og nýliðun óheilbrigð hefur hlutfallið farið frá 36,8% árið 2013 niður í 28,1% árið 2018, og aðrar hættur eins og breyting á lögum um leyfisbréf leikskólakennara yfir í grunnskólastig.

Þá sjáum við ekki að viðkomandi ungbarnaleikskólar nái að manna sig með menntuðum leikskólakennurum heldur á öðru starfsfólki á öllum aldri með mismunandi bakgrunn. Og teljum við að fórnar samanlagðri 300 ára reynslu dagforeldra sem sjá um daggæslu í heimahúsum, fyrir stór 40- 50 manna daggæsluheimili, þá sé verið að henda út hagsmunum barna.

Annað mál er með kostnaðinn við að skipta út dagforeldrum fyrir daggæsluheimli. Sveitafélög fara eftir viðmiðunargjaldi Samtaka Íslenskra sveitarfélaga við gerð þjónustusamninga. Og samkvæmt erindi (2019120045b) er farið fram á að miðað sé við gildandi gjaldskrá SÍS sem framlag frá Reykjanesbæ. En viðmiðunargjaldskrá frá 15 september 2019 fyrir 8 tíma vistun á barn yngri en tveggja ára er 320.206 kr.

Dagforeldrar eru nú með um 129 börn í sinni umsjá og kostar það sveitarfélagið nú 70.950.000 kr á ári. En sameiginlegur kostnaður sveitarfélagsins og foreldra er 170.280.000 kr á ári. Miðað við viðmiðunargjald samtaka sveitafélaga þá yrði sameiginlegur kostnaður sveitafélags og foreldra 454.372.314 kr við þjónustusamninga við einkarekin gæsluheimili, og þá er eingöngu verið að ræða rekstur, en ekki viðhald á fasteignum og afskriftir á nýfjárfestingum sem Reykjanesbær þarf að standa skil á.

Við teljum að þar sem engin möguleiki sé á því að einkarekin daggæsluheimili geti uppfært sig í ungbarnaleikskóla án fagmenntaða leikskólakennara, verði þessi fallega hugsun að gefa eftir fyrir raunveruleikanum. Því hvað er skóli án kennara annað en bygging.

Teljum við dagforeldrar að mikið sé hægt að gera til að gera dagforeldrastarfið betra en nú er. Samstarf við leikskólastjóra Reykjanesbæjar gæti hjálpað mikið til í sambandi við hvað við getum gert betur til að undirbúa börnin fyrir upphaf náms í leikskólum. Eins gæti Reykjanesbær stutt betur við starfið með styrkjum til leik og aðfangakaupa. Einnig teljum við að þegar opinberir leikskólar Reykjanesbæjar byrja að taka inn 18 mánaða börn inn og ríkistjórn kemur með fæðingarorlof í 12 mánaða, þá muni veltuhraði dagforeldra tvöfaldast og þá tókum við inn börn bæði í janúar sem og í ágúst. Það mun leysa það vandamál sem foreldrar jan-feb barna hafa þurft að glíma við.

Niðurstaða okkar er því sú að raunhæfara sé að bæta dagforeldrastarfið, því þeir eru til, og ekki eins sjaldgæf munaðaravara og menntaðir leikskólakennarar eru. Eins er kostnaðurinn eingöngu brot af því sem hinn kosturinn er. Því fyrr sem niðurstaða fæst í þetta mál því betra. Því eins og staðan er nú eru margir dagforeldrar að skoða önnur atvinnutækifæri. En til að taka af allan vafa þá gerðum við óformlega könnun meðal dagforeldra um hvort þeir væru til í að vinna á viðkomandi gæsluheimilum þá var svarið einfaldlega nei hjá öllum.

Þetta bil var brúað fyrir 40 árum.

Virðingarfyllt

Fh. Samtaka dagforeldra á Suðurnesjum  
Kitty Guðmundsdóttir

